

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

46. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022 13.4.2022

Árið 2022, föstudaginn 13. apríl 2022 kl. 13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa Hólm G. Borgarsdóttir og Guðmundur Birgir Ragnarsson.
Ragnheiður Baldursdóttir sótti fund um fjarfundarbúnað.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gættri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra
Skýrsls sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Kjörskrá Súðavíkurhrepps vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022.
Samkvæmt breytingum á fyrirkomulagi við kjörskrá er ekki þörf staðfestingar sveitarstjórnar. Sveitarstjórn fór allt að einu yfir kjörskrá og staðfesti hana eins og hún liggur fyrir.
3. Fundargerð 27. fundar skipulags-bygginga-umhverfis - og samgöngunefndar dags. 6. apríl 2022.
Vísað er til liðar 2. og 4. í fundargerðinni og afgreiðslu framangreindra liða frestað til næsta fundar sveitarstjórnar til frekari kynningar til sveitarstjórnar. Fundargerð að öðru leyti samþykkt. Tekið er jákvætt í umsögn um sjókvíaeldi Hábrúnar.
4. Umsagnarmál:
 - Hábrún – umsögn um eldisleyfi
 - 418. Mál frá nefndasviði alþingis
 - 450. Mál frá nefndasviði alþingis
 - 461. Mál frá nefndasviði alþingis
 - fundargerð 908. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga
 - umsögn vegna greinargerðar sveitarfélaga undir 250 íbúa – samráðsgáttSveitarstjóri hefur þegar skilað inn umsögn í samráðsgátt.
5. Móttaka flóttamanna
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að skoða samninga um móttöku flóttamanna í Súðavíkurhreppi.
6. Leigusamningur um Ísafjarðará
Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samning við Sigurgísla Ingimarsson um veiðirétt í Ísafjarðará og felur sveitarstjóra að ganga frá leigusamningi.

7. Rotþróargjald og vangreiddur reikningur.

Erindi frá eiganda Kleifa í Skötufirði.

Sveitarstjóra falið að leysa úr erindinu í samráðið við skipulags- og byggingafulltrúa og þær reglur og samþykktir sem um rotþrær gilda.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:58

Samúel Kristjánsson

Samúel Kristjánsson
oddviti

Karl S. Hakonarson
Guðm. B. Ragnarson

Elfa G. Hölm. Þorgeirsdóttir